

Skýrsla stjórnar ÆSKP fyrir starfsárið 2013

Í þessari skýrslu er greint frá helstu verkefnum Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar á sjöunda starfsári sambandsins



I. Inngangur

Síðasti aðalfundur ÆSKÞ var haldinn 8. mars 2013 í Neskirkju. Niðurstaða kosninga á fundinum var eftirfarandi:

Aðalstjórn

Formaður – Sr. Guðrún Karls Helgudóttir

Gjaldkeri – Guðmundur Karl Einarsson

Ritari – Sr. Sigurvin Jónsson (var kosinn 2012 til tveggja ára)

Meðstjórnandi – Kristján Ágúst Kjartansson (var kosinn 2012 til tveggja ára)

Meðstjórnandi – Sunna Dóra Möller (til eins árs)

Varastjórn

Hafþór Freyr Líndal

Steinunn Anna Baldvinsdóttir

Þórunn Harðardóttir

Matthildur Ósk Óskarsdóttir

Þóra Björg Sigurðardóttir

Skoðunarmenn ársreikninga

Sr. Pétur Þorsteinsson

Sr. Magnús Magnússon

Landsmótsnefnd

Hafþór Freyr Líndal

Svava Ósk Daníelsdóttir

Hlín Stefánsdóttir

Þóra Björg Sigurðardóttir

Þórunn Harðardóttir

Erla Guðmundsdóttir

Guðmundur Karl Einarsson

Rakel Brynjólfssdóttir, Landsmótsstjóri

Auk framkvæmdastjóra sambandsins Evu Björk Valdimarsdóttur

Framkvæmdastjóri sambandsins Sigríður Rún Tryggvadóttir lét af störfum í lok ágúst. Rakel Brynjólfssdóttir landsmótsstjóri gegndi stöðu framkvæmdastjóra í september og sinnti því starfi samhliða landsmótsundirbúningi. Eva Björk Valdimarsdóttir tók svo við starfi framkvæmdastjóra 1. október.

Staða framkvæmdastjóra er 50% en reynslan sýnir að það er mikil þörf á fullri stöðu eigi að vera hægt að sinna þeim verkefnum sem eru fyrir hendi og auka þjónustuna. Stjórnin er í sjálfböðavinnu og hefur sinnt ýmsum verkefnum auk reglubundinna funda. Ekki síst í tengslum við landsmót enda fer sá viðburður stækkandi og er nú stærsti árlegi

viðburður Þjóðkirkjunnar. Einnig hafa margir aðrir lagt hönd á plóginn og þá sér í lagi í tengslum við landmótið.

Verkefni ÆSKP á árinu voru fjölbreytileg en þungamiðjan var þó eins og undanfarin ár landsmót æskulýðsfélaga sem haldið var í október.

Stjórn ÆSKP fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði. Á milli funda voru einnig mörg mál afgreidd í gegnum tölvupóst. Fundargerðir stjórnar má nálgast á heimasíðu ÆSKP, www.aeskth.is.

II. Verkefni

Námskeið

Haustnámskeið fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi kirkjunnar og KFUM og KFUK var haldið í september og tóku 25 leiðtogar þátt í námskeiðinu. Þar talaði sr. Gunnar Jóhannesson um trúvörn. Einnig kenndu fulltrúar frá KFUM og KFUK leiki og töluðu um mikilvægi leikja í æskulýðsstarfi.

Í nóvember var haldið námskeið sem opið var öllu starfsfólki kirkjunnar um gerð hugvekja. Það kenndu sr. Vigfús Bjarni Albertsson, sr. Guðný Hallgrímsdóttir og sr. Guðni Már Harðarson. Námskeiðið fékk góðar viðtökur og óskuðu þátttakendur eftir því að haldið yrði framhaldsnámskeið.

Farskóli leiðtogaefna var á sínum stað í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnesprófastdæmi og Biskupsstofu. Útskrift fór fram í Víðistaðakirkju við hátíðlega athöfn þann 28. mars og útskrifuðust 7 úr farskólanum og 14 luku fyrra ári. Grunnnámskeið féll niður vegna ónógrar þátttöku.

Haldin voru tvö *Verndum þau* námskeið í mars. Fyrra námskeiðið var haldið í safnaðarheimili Hallgrímskirkju þann 12. mars 2013. Fyrirlesari var Ólöf Ásta Farestveit, uppeldis- og afbrotafræðingur og forstöðumaður í Barnahúsi. Þátttakendur voru 25. Seinna námskeiðið var haldið í safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju mánudaginn 18. mars. Fyrirlesari var Þorbjörg Sveinsdóttir, MA í sálfræði og starfsmaður í Barnahúsi. Þátttakendur voru 15: prestar og starfsfólk kirkna í Vestfjarðarprófastsdæmi, starfsfólk lögreglu og hjúkrunarfræðingar.

Mót og þing

Landsmót Æskulýðsfélaga fór fram í Reykjanesbæ helgin 25. - 27. október. Það var stærsta landsmót ÆSKP til þessa en 640 ungmenni voru skráð á mótið. Yfirskrift mótsins var *Energí og trú* og var þemað fátækt á Íslandi. Fræðsla mótsins fjallaði um fátækt og var meðal annars kynnt verkefni Keflavíkur kirkju, *Energí og trú*, og *Stop poverty* verkefni KFUM og KFUK. Söfnun mótsins gekk vel og bættu æskulýðsfélög á austurlandi og Vinavíka Vopnafjarðar við hana með myndarlegum hætti þannig að alls söfnuðust 746.367 kr.

Mótið heppnaðist einstaklega vel og má það m.a. þakka þeirri reynslu sem komin er á landsmót hjá landsmótsstjóra, landsmótsnefnd og stjórn sambandsins. Einnig voru móttökur í Reykjanesbæ sérstaklega góðar og á bæjarfélagið miklar þakkir skildar. Þá lagði Kjalarnesprófastsdæmi einnig fram mikilvægan styrk til mótsins og fær góðar þakkir fyrir.

Kirkjuþing unga fólksins var haldið á Biskupsstofu laugardaginn 25. maí. Kirkjuþingsfulltrúar voru 20 og komu víðs vegar af landinu. Þóra Björg Sigurðardóttir var kjörin forseti kirkjuþings unga fólksins. Sunna Dóra Möller hafði yfirumsjón með þinginu í samstarfi við starfsfólk Biskupsstofu og framkvæmdastjóra ÆSKP. Fimm ályktanir voru samþykktar á þinginu og var fjallað þær á fundum kirkjuráðs. Ein þeirra

fór fyrir kirkjuþing hið almenna. Nánari umfjöllun um kirkjuþing unga fólksins má sjá í skýrslu Sunnu Dóru Möller.

Erlend samskipti

ÆSKP er aukaaðili að European Fellowship of Christian Youth. Þórunn Harðardóttir og Rakel Brynjólfsdóttir hafa verið tengiliðir sambandsins og tekið þátt í undirbúningi og námskeiðum á vegum þeirra. EF stendur á hverju ári fyrir mannréttindanámskeiðinu Easter Course sem var á síðasta ári haldið á Íslandi. Námskeiðið var haldið vikuna 24. - 31. mars. og sóttu það 54 þátttakendur frá 9 mismunandi löndum. Það var haldið í Víðistaðakirkju og Skátaheimili Hraunbúa í Hafnarfirði. Yfirskrift námskeiðsins var *Hand in Hand, Take a Stand* og fjallaði það um mannréttindi, kynþáttafordóma, fjölmenningu og fræðslu til að draga úr fordómum.

Samstarfsverkefni

Vaktu með Kristi hefur verið samstarfsverkefni ÆSKP og Kjalarnesprófastsdæmis. Þá koma æskulýðsfélögin saman að kvöldi skírdags og vaka saman í kirkjunni fram á morgun föstudagsins langa. Samveran fór fram í Neskirkju í ár og voru þátttakendur í Evrópunámskeiðinu *Easter Course* einnig með og gáfu þeir vökunni meiri breidd. ÆSKP er í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnesprófastsdæmi og Biskupsstofu um leiðtogaþjálfun æskulýðsleiðtoga. Markmiðið með samstarfinu er að efla æskulýðsstarf kirkjunnar m.a. með leiðtogafræðslu þar sem boðið er upp á a.m.k. tvö námskeið:

- Farskóla leiðtogaefna fyrir ungt fólk á aldrinum 14 – 17 ára
- Grunnnámskeið fyrir 17 ára og eldri.

Þá er ÆSKP einnig þátttakandi í samstarfsnefnd um æskulýðsmál með KFUM og KFUK.

ÆSKP á tvo fulltrúa í Æskulýðsnefnd Þjóðkirkjunnar.

III. Niðurlag

Markmið stjórnarinnar er að halda áfram á sömu braut með flest verkefni og mögulega verður einhverjum bætt við, nema aðalfundur samþykki annað. Landsmótið er farið að taka gríðarlega mikinn tíma í undirbúningi. Fyrir utan landsmótsstjóra og framkvæmdarstjóra ÆSKP í hálfu starfi fer nánast allur undirbúningur fram af sjálfboðaliðum. Það er mat stjórnar að nú sé kominn tími til að huga að frekari styrktarleiðum og jafnvel aðkomu yfirstjórnar Þjóðkirkjunnar að undirbúningi og framkvæmda landsmóts ÆSKP. Landsmótið er stærsti einstaki viðburðurinn sem haldinn er í íslensku Þjóðkirkjunni og sem slíkur gríðarlega mikilvægur. Stjórnin átti fund ásamt framkvæmdarstjóra með biskupi, biskupsritara, skrifstofu- og mannauðsstjóra og fræðslustjóra á Biskupsstofu í haust. Þar voru þessi mál rædd og kynnt fyrir biskupi.

Í ár bættust nokkur æskulýðsfélög við í ÆSKP en sambandið verður enn öflugra með þátttöku allra æskulýðsfélaga landsins. Það er m.a. ósk Mennta- og menningarmálaráðuneytis að sambandið sé eins konar regnhlífasamtök æskulýðsfélaga

og samtaka og í gegnum ÆSKÞ fari umsóknir til ýmissa styrkja. Þannig gætu líkur á styrkjum til einstakra æskulýðsfélaga mögulega aukist.

Góð samskipti við æskulýðsfélög og kirkjufólk um allt land eru mikilvæg og þjónustan þyrfti að eflast en eins og fyrr segir eru takmörk fyrir hvað hægt er að gera með starfsmann í hálfu stöðugildi.

Það er mikilvægt að leiðtogar í barna- og unglingastarfi efli þekkingu sína og fagmennsku með því að sækja sem flest námskeið sem boðið er upp á. Þannig verðum við hæfari í starfi auk þess sem er mikilvægt að hitta aðra og kynnast kollegum sínum. „Verndum þau“ er dæmi um námskeið sem ætti að vera skylda fyrir allt starfsfólk í barna- og unglingastarfi.

Lokaorð

ÆSKÞ er samband sem mikil þörf er á að vaxi og dafni því að næg eru verkefni. Óskinn er að geta bætt og eflt starfið og þjónað æskulýðsleiðtogum betur um alla landsbyggðina. Vegna mikils niðurskurðar í fjármálum til æskulýðsstarfs hafa stöðugildi starfsfólks í æskulýðsmálum kirkjunnar verið skorin mikið niður undanfarin ár. Það er vond þróun einmitt þegar það er mikill velvilji og eftirspurn eftir því vandaða og faglega starfi sem kirkjurnar hafa upp á að bjóða.

Stjórnin er þakklát þeim sem styðja við starf ÆSKÞ. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur verið afar jákvætt í garð sambandsins og leggur til fjármuni í námskeið á vegum þess. Kirkjumálasjóður stendur undir rekstrargrundvelli sambandsins og færur við þeim bestu þakkir.

Samstarf við öll þau sem að greint hefur verið frá í þessari skýrslu hefur verið einstaklega uppbyggilegt og gott.

Stjórnin vill þakka sérstaklega öllum samstarfsaðilum í Reykjanesbæ fyrir aðkomu sína að landsmótinu og gott samstarf. Velvilji þeirra bæjarfélaga er taka á móti landsmóti hverju sinni virðist aukast með ári hverju og er ástæðan ekki síst sú að orðspor landsmóts er gott og berst á milli bæjarfélaga.

Stjórn ÆSKÞ þakkar fyrir sig og biður Guð að blessa allt unglingastarf á landinu.

Fyrir hönd stjórnar Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar,

Guðrún Karls Helgudóttir, formaður